



Nr. 10

REGLUGERÐ

Um leikskýrslur

1. gr.

Fyrir hvern leik í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaga þess skal gera leikskýrslu. Form leikskýrslu skal vera byggt á leikskýrslum IIHF. Leikskýrslan skal vera tölvuunnin og fær til nota í miðlægan gagnagrunn ÍHÍ, Hydra.

2. gr.

Á leikskýrslu skal skrá nöfn allra leikmanna auk þjálfara, liðsstjóra og starfsmanna leiksins.

3. gr.

Verði misbrestur á afhendingu gagna er aganefnd heimilt að sekta hlutaðeigandi aðila samkvæmt verðskrá ÍHÍ.

4. gr.

Heimilt er að nota miðlægan varinn gagnagrunn til skráningar og varðveislu á leikskýrslum.